

**Málning fyrir alla**

GULL VEGGE  
Sadolin

FARVELAND!  
VEG ROBUST

SILFUR LOFTER  
VEGGE

**MÁLARINN**  
Bæjarlind 2 • Kópavogi • Sími: 581 3500

**PIZZA 67**

**TILBOÐ**  
Í HÁDEGINU OG Á KVÖLDIN

HAMBORGARI, FRANSKAR  
OG SÓSA **395 kr.**

4 HAMBORGARAR, FRANSKAR  
MEÐ SÓSU **1.490 kr.**

**OPÍÐ:**  
Austurvegi, Háaleitisbraut 68  
kl. 11 - 23

Arnarbakka  
kl. 16 - 22

**Sími 8006767**

**BORÐAÐ Í BEINNI**  
TU-Gull Bar

**KEBABHÚSIÐ**  
Grensásvegi 3 • Sími, 588 20 20

LAU 8. JÚNÍ KL. 6:30 S-AFRÍKA - SLÓVENÍA  
KL. 9:00 ÍTALÍA - KRÓATÍA  
KL. 11:30 BRASÍLÍA - KÍNA

SUN 9. JÚNÍ KL. 1:00 TYSON - LEWIS  
KL. 6:30 MEXÍKO - EKVADOR  
KL. 9:00 KOSTARÍKA - TYRKLAND  
KL. 11:30 JAPAN - RÚSSLAND

**OPÍÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**  
LAUGARDAGINN 8. JÚNÍ

GUK+ þriggja ára:

## Opnun í fjórum löndum

**MYNDLIST** Um þessar mundir fagnar GUK+ þriggja ára afmæli sínu. Nú hafa þar verið haldnar 11 myndlistarsýningar. GUK+ er sérstæður sýningarstaður að því leyttu að hann samanstendur af fjórum stöðum í þremur löndum: í garði við Ártún á Selfossi, garðhýsi í Lejre í Danmörku, gangi í Hannover í Þýskalandi og á skjá fartölvu í Berlín.

Á morgun opnar Gunnhildur Una Jónsdóttir sýninguna

Spaceman. Verkin sem hún gerði fyrir sýninguna tengjast öll innbyrðis. Á ganginum í Hannover sýnir hún teikningu í raunstærð af rússneska geimfaranum Yuri Gagarín í farinu Vostok 1. Frá útvarpi á ganginum berst upptaka af útsendingu sovéska ríkisútvarpsins frá 12. apríl 1961. Í garðinum á Selfossi gefst gestum tækifæri til að sigrast á aðdráttar afli jarðar eitt augnablik og á skjá fartölvunnar í Berlín má leika



YURI GAGARÍN  
Í aðalhlutverki á sýningu Gunnhildar.

tölvuleikinn Spaceman. Í dag lendir síðan fallhlífarsökkvari í geimbúningi á akri hjá GUK+ í Lejre en þar verður geimbúning-

urinn til sýnis út sumarið. Vefsíðu GUK+ og frekari upplýsingar um sýninguna er að finna á [www.simnet.is/guk](http://www.simnet.is/guk). ■

LAUGARDAGURINN  
8. JÚNÍ

### ÝMISLEGT

15.00 Opinn dagur hjá Litbolta í Lundi í Kópavogi. Félagar í Litboltafélagi Reykjavíkur verða á staðnum og kynna íþróttina og búnað henni tengdri. Boðið upp á prufuleiki gegn vægu gjaldi.

### OPNANIR

Bandaríski listamaðurinn Mark Norman Brosseau opnar klukkan 17 sýninguna Space Project í Gallerí Skugga við Hverfisgötu. Titillinn vísar til rýmishugsunar sem Mark leggur áherslu á í verkum sínum. Í kjallara gallerisins vinnur Mark málverksinnsetningu. Á efri hæð samanstendur verkið af texta og ætíngum. Sýningin stendur til 23. júní.

Sumarsýning á munum í eigu Hönnunarsafns Íslands opnuð í sýningarsal safnsins við Garðatorg. Sýningin heitir Ílát. Þar eru 40 nýjahlutir, sem eiga það sammerkt að þeim er ætlað að geyma, rúma eða varðveita eitthvað sem fyrir er, í allra víðasta skilningi, jafnvel þannig að stundum reynir á þanþol nýjahugtakins. Tinna Gunnarsdóttir listhönnuður sér um útlit sýningarinnar.

Jón Reykdal opnar sýningu í Listhúsi Ófeigs klukkan 16. Á sýningunni eru rúmlega 30 verk, aðallega vatnslitamyndir og nokkur olíumálverk. Sýningin er í tilefni 30 ára starfsafmælis Jóns og hún stendur til 26. júní.

Tea Jääskeläinen frá Finnlandi opnar klukkan 16 einkasýningu í Gallerí Tukt í Hinu húsinu. Sýningin nefnist Mandala.

Yoichi Onagi, textillistamaður frá Japan, opnar sýningu í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Klukkan 16.30 geta gestir við opnun sýningarinnar séð hina fornu athöfn þegar hefðbundið japanskt te er lagað.

## Ljósukur og borg

Í gær var opnuð sumarsýning Listasafns Reykjavíkur - Kjarvalsstaða. Tæplega fimmtíu myndlistarmenn eiga verk á sýningunni, þeirra á meðal Bjargey Ólafsdóttir.

**MYNDLIST** „Það er gaman að safnið skuli kaupa nýja, íslenska myndlist“, segir Bjargey Ólafsdóttir. Hún er einn af tæplega fimmtíu myndlistarmönnum sem eiga verk á sýningunni Maður og borg á Kjarvalsstöðum. Þar kennir ýmissa grasa úr safneigninni en áherslan er lögð á fígúratív verk sem tengjast borginni á einn eða annan hátt. Verkin spanna yfir sjötíu ára tímabil frá 1930 til ársins 2000.

Þorbjörg Gunnarsdóttir, deildarstjóri sýningardeildar Listasafns Reykjavíkur, valdi verkin á sýninguna. Þau elstu eru eftir listamenn sem vöktu athygli því verk þeirra snerust ekki lengur um náttúruna heldur fólk og bæjarlíf, viðfangsefni sem fram til þessa hafði ekki þótt þess vert að fjalla um í listrænum miðlum.

Mörg verkanna á sýningunni eru eftir yngri kynslóð og unnin í ólíka miðla. Meðal annars er þar innsetning eftir Þórodd Bjarnason, sem heitir Takið börnin með. Hún samanstendur af sex þríhjólum sem börn mega hjóla á um safnið. Hlynur Halls-



BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR

Einn fjölda myndlistarmanna, sem eiga verk á sýningunni Maður og borg á Kjarvalsstöðum. Verk Bjargeyjar heitir Ljósukur í París.

son sýnir átta einstaklinga af ólíku þjóðerni á átta sjónvarps-skjám segja frá því sem þeim þykir mikilvægt á sínu móðurmáli. Þar eru einnig verk eftir Ilmi Stefánsdóttur, Jóhann Torfason og Særunu Stefánsdóttur.

Verk Bjargeyjar heitir Ljósukur í París. Það lýsir misheppnaðri tilraun tveggja stúlkna til að draga Fransmann á talar. „Þetta er skyggimyndasýning. Hún er í litlum kassa, litlum sýningarsal á sýningunni. Þetta eru 80 ljós-

myndir. Kristján heitinn Eldjárn samdi síðan dularfulla tónlist við verkið sem hljómar í kassanum.“

Bjargey hefur í nógu að snúast þessa dagana. Hún er í samstarfi við franskan „gallerista í París“, er að skrifa handritið að stuttmynd og undirbúa einkasýningu í Gerðarsafni í vetur. Í haust fer hún til Weimar í Þýskalandi á styrk í fjóra mánuði. „Maður verður að flakka á milli landa til að lifa af þessu. Það gengur bara vel, enda er ég hörkudugleg.“

[halldor@frettabladid.is](mailto:halldor@frettabladid.is)

**Sunna Sigfríðardóttir** opnar málverkasýningu í ash Gallerí Lundi í Varmahlíð. Verkin eru máluð með olíu á striga og eru landslagsmyndir sem sýna ferðalag Sunnu frá Raufarhöfn til Akureyrar. Sýningin stendur til 28. júní.

finna. Gengið að Soginu og í Prastaskóg. Þátttakendur hvattir til að taka með sér sjónauka. Boðið upp á kakó og kleinur að göngu lokinni. Upplýsingar í Alviðru í síma 898 1738.

### FUNDIR

13.00 Fornleifastofnun Íslands heldur málþing í Skálholti. Það ber yfirskriftina **Skálholtsrannsóknir fyrr og nú**. Þar verður fjallað um yfirstandandi fornleifarannsóknir í Skálholti og rannsóknir gerðar á árunum 1954 til 1958. Fyrirlesarar eru Orri Vésteinsson, Sveinn Einarsson, Mjöll Snæsdóttir, Gunnar Karlsson og Guðrún Ása Grímsdóttir. Mjöll leiðsegir gestum um uppgrafsáætlun en hún er verkefnisstjóri fornleifarannsóknanna í Skálholti ásamt Orra. Í skólanum verður kaffihlaðborð að hætti Valgerðar biskupsfrúar.

### FYRIRLESTRAR

14.00 **Arnbjörg Jóna Jóhannsdóttir** heldur fyrirlestur um meistara-verkefni sitt í véla- og iðnaðar-verkfræði í stofu 15B í VR-II við Hjarðarhaga. Verkefnið heitir **Framleiðsluskipulagning hjá Delta hf.** Í verkefninu eru skoðaðar aðferðir við framleiðsluskipulagningu sem notaðar eru hjá framleiðslufyrirtækjum. Leiðbeinendur voru Birna Pála Kristinsdóttir dósent og Páll Jensson prófessor.

### BÍÓ

17.00 Á Vorblóti 2002 á **Grand Rokk** verður myndin **Gudjon** eftir Þorfinn Guðnason sýnd.

19.00 Fimm af áhugaverðum ungum kvikmyndagerðarmönnum sýna nýjar leiknar myndir teknar á **Grand Rokk**. Myndirnar keppa til verðlauna á **Vorblóti 2002**.

### GÖNGUR

10.00 **Morgunganga** Félags eldri borgara í Hafnarfirði frá Hraunseli.

11.00 **Grasagarðurinn** í Laugardal stendur fyrir fræðsluferð um garðinn. Auður Jónsdóttir garðyrkjufræðingur fjallar um áhugaverðar trjátegundir fyrir garðeigendur, einkum þyrni og heggi. Yfir 5.000 plöntutegundir eru í Grasagarðinum en einungis hluti þeirra eru þekktar sem garðplöntur. Mæting er í lystihúsinu sem stendur við garðskálann, og er aðgangur ókeypis.

14.00 Örn Óskarsson líffræðingur fræðir gesti **Alviðru** um þær fjölbreytlegu fuglategundir sem þar er að



# blómið

blóm og gjafavörur

grensásvegj 50 - sími 581 1330

opið: mán...10-19 • þri - lau...10-21 • sun...12-19